

Skólanefndarfundur haldinn í FSH 5. apríl kl. 16:15.

Mættir eru skólanefndarmennirnir Lilja Rögnvaldsdóttir, Halldór Valdimarsson, Hanna Ásgeirsdóttir, Trausti Aðalsteinsson og Þór Stefánsson ásamt Róberti Ragnari Skarphéðinssyni fulltrúa foreldra, Evu Matthildi Benediktsdóttur fulltrúa nemenda, Valdimar Stefánssyni fulltrúa kennara, Dóru Ármannsdóttur skólameistara og Jóneyju Jónsdóttur aðstoðarskólameistara sem ritar fundargerð.

Dóra setur fundinn. Gengið er til dagskrár sem er svohljóðandi:

1. Kosning formanns
2. Staðan hjá starfshópi framhaldsskólanna á norðaustursvæði og ályktun frá KFSH
3. Nokkur orð um rekstur
4. Önnur mál

1. Stungið er upp á Lilju Rögnvaldsdóttur sem formanni og er það samþykkt einróma.
2. Dóra lýsir stöðunni hjá starfshópi framhaldsskólanna á norðaustursvæði. Formlega var skrifað undir samstarfssamning 1. febrúar síðastliðinn. Samningurinn gildir til þriggja ára. Margt er komið í farveg af því sem þar er sett fram, t.d. vinna við jafngildisáfangana, skjalavörslu og skráningu mannaúts. Skólameistarar hafa hist tvisvar, áfangastjórar einu sinni og náms- og starfsráðgjafar einu sinni. Stefnt er að fundi með fulltrúum símenntunarstöðva. Einnig hefur verið ákveðið að skrifa sveitarfélögum bréf og minna á ábyrgð gagnvart 16-18 ára ungmennum varðandi félags- og sálfræðipjónustu. Mikilvægt er að sameina kraftana og vinna markvisst. Stefnt er að haustþingi í september þar sem starfsmenn skólanna hittast til samráðs og samræðu. Minnt er á að samningurinn segi til um að Framhaldsskólinn á Laugum og FSH vinni að auknu samstarfi með Þekkingarnetinu og mikilvægi þess að það skref verði stigið. Nemendur munu einnig vinna saman og samræma dagskrá sína. Fulltrúi kennara, Valdimar Stefánsson, les ályktun frá KFSH sem samþykkt var á fundi 30. mars og er sett fram sem fylgiskjal aftan við fundargerðina. Dóra skýrir frá að Svanfríður Jónasdóttir sé ráðin verkefnastjóri fram í maí. Fækkun starfa er ekki sjálfgefin afleiðing samstarfsins. Hún bendir á að þriggja ára stúdentspróf geti ekki síður leitt af sér fækkun starfa. Varðandi lið 1 var hún beðin að setja fram atriði sem hinir skólarnir væru ekki með og hefur sjálf gert athugasemd við verkefnastjórnann varðandi að hinir skólarnir hafi sett fram atriði sem þær eiga sameiginlegt með öðrum. Bent er á að reynt hafi verið að taka frumkvæði um samstarf til að verða á undan ráðuneytinu og sýna ákveðinn vilja. Gerð var krafa um að fjármagn fylgdi samstarfinu. Rætt um að umræða á milli skólastiga sé nauðsynleg, bæði yfir í grunnskóla og háskóla.
3. Dóra segir alla rekstrarliði á góðu róli. Launaliður hefur farið fram úr áætlun vegna launahækkana. Ekki hefur enn fengist leiðrétting vegna þessara hækkana.

4. Önnur mál

- a. Tillaga um að kennsla hefjist kl. 8:15 hefur komið fram og nú er unnið við að breyta stundatöflu til samræmis við það. Skólaráð mun eiga lokaorðið um útfærsluna.
- b. Styrkur upp á 721.600 kr. fékkst til að sporna gegn brotthvarfi nemenda með því að veita stoðkennslu í stærðfræði. Þar kenna eldri nemendur og mun upphæðin fara að mestu í að greiða þeim.
- c. Nemendur unnu Lífshlaupið og fá viðurkenningu senda innan tíðar.
- d. Fulltrúi nemenda, Eva Matthildur Benediksdóttir segir frá dillidögum og árshátíð sem þóttu vel heppnuð. Á dillidögum voru smiðjur eftir hádegi og ýmis konar þrautir og keppni fyrir hádegi. Almenn ánægja er meðal nemenda.
- e. Ósk hefur borist frá Norðurþingi um að leigja kjallarann fyrir félagsstarf ungmenna tvö kvöld í viku. Vel er tekið í þá beiðni.
- f. Dóra tilkynnir að hún hefur beðist lausnar frá embætti skólameistara frá og með 1. ágúst.
- g. Spurt er um forvarnarfulltrúa og forvarnastarf í Norðurþingi. Starfsmaður skólans er forvarnafulltrúi hans. Dóra ætlar að hafa samband við tómstunda- og æskulýðsfulltrúa Norðurþings vegna forvarna. Ákveðið að taka forvarnastarf fyrir sem sérstakan lið á næsta fundi.

Fleira ekki rætt. Fundi er slitið kl. 18.

30. mars, 2016

Ályktun fundar Kennarafélags Framhaldsskólans á Húsavík

Fundur KFSH lýsir yfir nokkrum áhyggjum af stöðu mála í tengslum við samstarfssamning framhaldsskóla á Norðurlandi eystra sem undirritaður var 15. desember, 2015.

1. Kennarar FSH telja hlut skólans í samstarfinu, eins og hann kemur fram í samningnum, nokkuð rýran. Framlag skólans er þar annars vegar „heilsuþjálfun mín“ og hins vegar markþjálfun og núvitund. Hvorugt þessara atriða eru eiginlegar námsgreinar við skólann. Sérstaka athygli vekur að nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, sem skólinn hefur á undanförunum árum lagt áherslu á sem sérstöðu sína, er hvergi getið, heldur er allt slíkt lagt undir MTR.
2. Kennarar FSH hafa einnig áhyggjur af því að þróunarverkefni um samstarf FSH, FL og ÞP sé líklegt til að leiða til fækkunar starfa við skólann þar sem lagt er upp með að samnýta starfsfólk skólanna tveggja. Í framhaldi af slíkri fækkun gæti samstarfið leitt til sameiningar og jafnvel lokunar FSH.
3. Fundurinn veltir líka fyrir sér óljósri framvindu þróunarverkefnisins þar sem ekkert kemur fram í samningnum hver stýrir vinnunni við það og ekki er að finna neina tímasetta áætlun um innleiðingu þess. Er markviss vinna í gangi og má búast við auknu samstarfi FSH, FL og ÞP þegar næsta haust?

KFSH vill samt geta þess að miðað við ástand mála fyrir tæpu ári síðan, þegar allt leit út fyrir að FSH yrði sameinaður öðrum framhaldsskólum hið fyrsta, þá er þessi samstarfssamningur góður varnarsigur. Það kemur þó ekki í veg fyrir að allir þeir sem vilja standa vörð um framtíð FSH þurfa að halda vöku sinni.